

# Leikskólinn Lækjarbrekka – Grunn- og tónskólinn á Hólmavík

## Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

### Janúar 2021

#### 1. Verkefni á frumstigi:

- Starfsmannasamtöl í febrúar og mars. Árvisst samtal skólastjóra við hvern og einn starfsmann. (HG)
- Skóladagatal 2021-2022, drög. (HG, BÓG, BÞV, HÞ)
- Leki upp um gólf á bókasafni. (HG)

#### 2. Verkefni í vinnslu:

- Gera við kastara á útvegg skóla. Ljós í pöntun hjá áhaldahúsi. (HG)
- Uppfærsla skóladagatals á vorönn 2020- 2021, viðburðum hefur ýmist verið frestað, þeir aðlagaðir reglugerð um sóttvarnir eða færðir til vegna heimsfaraldurs. Dagatal vorannar sett upp á nýtt. (Fræðslunefnd HG)
- Umbótaáætlun í kjölfar úttekta menntamálastofnunar. Samþykkt af MMS í jan. (HG)
- Deildarnámskrár leikskóla. (HG, BÓG)
- Velja gildi/einkunnarorð og nafn, sýn og stefnu fyrir sameinaðan skóla . (HG)

#### Verkefni á ársvísu:

- Stærðfræði með augum heimsins, verkefni með styrk úr sprotasjóði. Ársverkefni með verkefnastjórn. (HG, EEM, Trappa). *Unnið í fjarfundum.*
- Galdraskóli, samstarfsverkefni með Galdrasýningu á Ströndum, Grunnskólanum á Drangnesi og Reykhólaskóla, verkefni styrkt af Barnamenningarsjóði.

#### 3. Verkefnum lokið:

- Innleiðing styttri vinnuviku starfsfólks leikskóla og starfsfólks annarra en kennara og stjórnenda í grunnskóla í samræmi við gerðan vinnustaðasamning og útfærslu hvers starfsmanns. Samningum lokið. Tengja samninga við ráðningu.
- Gera við ljósastaur við skóla.
- Skólanámskrá Tónskólans og einstaklingsmiðaðar kennsluáætlanir.

# Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: **Byggingafulltrúi**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Grettir Örn Ásmundsson

Tímabil: Janúar

## 1. Verkefni í undirbúningi:

- Lóðarleigusamningar - hnitsetningar
- Mögulegar lóðir í Skeljavík
- Uppmæling og hnitsetning
- Melgraseyri – ólöglegir bústaðir
- Skoðun á gps tæki

## 2. Verkefni í vinnslu:

- Tiltekt og flokkun á samskiptum - pósthólf
- Teikningar skönnun & flokkun
- Brandskjól, íbúðahverfi í skoðun vegna aðalskipulags
- Miðtún, stofnframlag.
- Höfðagata – Laga skráningu.
- Hús í byggingu, stöðu úttektir, uppfærsla á skráningu, mat á byggingarstigi:
  - o Lækjartún
  - o Hróbberg
  - o Brunngil
- Umsókn um byggingarleyfi á Hólmavík
- Umsókn um byggingarleyfi á Broddanesi

## 3. Verkefnum lokið:

- Óskráð hús á Borgarbraut - leiðrétting
- Eyðublað um stöðuleyfi

## Félagsmálastjóri, janúar 2021

Soffía Guðrún Guðmundsdóttir

Janúar var frekar annasamur mánuður, mikið um fundarhöld og byrjað að huga að starfsmannamálum í sumar.

### Helstu verkefni

- Starfsmannamál hafa verið á dagskrá, sem endranær, þar sem nokkrar breytingar hafa verið að eiga sér stað í vetur.
- Reglur vegna covid-19 halda áfram að breytast og þarf að fylgja þeim eftir og skoða hvaða áhrif þær hafa á starfsemi félagsþjónustu.
- Betri vinnutími þ.e. stytting vinnuviku skv kjarasamningum, er byrjuð hjá dagvinnufólki Félagsþjónustunnar.
- Öðrum verkefnum félagsþjónustunnar hefur enn fremur verið sinnt eftir því sem á hefur þurft að halda hverju sinni.
- Ýmis erindi og upplýsingar berast reglulega frá stjórnslunni og það fer mikill tími í að sinna þeim.

### Verkefni framundan

Málefni aldraðra – Stefnt að stofnun öldungaráðs í Strandabyggð með vorinu.

## Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: **Áhaldahús/höfn**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: jan 2021

### 1. Verkefni í undirbúningi:

- Hitatúpuskipti í Hafnarbraut 25
- Hitatúpulagfæring í Lækjartúni 16

Breytingar í félagsheimili smíða hillur í kjallara og færa skúringakompu í gamla eldhús og hreinsa út úr lagnakjallara

### 2. Verkefni í vinnslu:

- Viðgerð á myndavélakerfi hafnar - rakatjón
- Ráðhús Hafnarbraut skjalageymsla smíða hillurekka
- Grjótgarður á Borgarbraut.
- Umhirða og lagfæring áhalda

- Eftirlit og snjómokstur

### 3. Verkefnum lokið

- fjárhagsáætlunargerð
- Flutningur skrifstofu og skjalageymslu frá Höfðagötu 3 og á Hafnarbraut 25
- Bremsuviðgerðir á Transit

### 4. Annað:

Önnur föst verkefni fyrir deildir sveitarfélagsins tekið rusl farið með pakka, farið með mat, fylgst með vatnsnotkun og dælum vatnsveitu, vigtað úr bátum Eins eru mörg önnur smáverk

## **Salbjörg Engilbertsdóttir** **skrifstofustjóri**

### **Janúar**

#### **1. Verkefni í undirbúningi:**

- Uppgjör og afstemmingar v. 2020 fyrir Strandabyggð, Sorpsamlag og Hornsteina.
- Skil á spurningalistum, staðfestingum og gögnum v. uppgjors.
- Skjalageymsla og úrvinnsla, koma af stað.

#### **2. Verkefni í vinnslu:**

- Klára bókhald 2020 og afstemmingar vsk og uppgjör vsk fyrir 5.feb.
- Launamiðaskil verktaka.
- Launavinnsla í DK. Innleiðing á nýju launakerfi náðist í lok janúar og greitt út úr nýju kerfi. Tók þó nokkurn tíma að passa upp á að allt passaði milli kerfa.
- Gjaldskrárvinna við byggingarleyfi, dýrahald og gáma- og geymslusvæði, uppsetning og samanburður við önnur sveitarfélög. Lagt fyrir sveitarstjórn í janúar og febrúar.
- Skalageymsla í kjallara H25, röðun og skipulag, tiltekt. Mikill kostur að hafa loksins flest skjöl á sama stað og öðlast yfirsýn hvað sé til og því auðveldara að vinna úr því fyrir Þjóðskjalasafn.
- Stytting vinnuvikunnar, skil til stéttarféлага og ráðuneytis. Samantekt.

#### **3. Verkefnum lokið:**

- Bókhald jan – desember
- Innheimta í árslok 2020
- Flutningur að Hafnarbraut 25
- Innleiðing á styttingu vinnuvikunnar

# Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: **Tómstundasvið**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Esther Ösp

Tímabil: 1.- 31. janúar

## 1. Verkefni í undirbúningi:

- Frístundadagatal Strandabyggðar
- Efling á Fjósínu
- Strandir Newcomers - Félagsstarf á ensku
- Hörmungardagar
- Sérækt hópastarf fyrir miðstig í samstarfi við grunnskólann
- Samstarf við Reykhóla og Búðardal. Reglulegir fundir tómstundatulltrúa, starfsdagar og sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva
- Dansnámskeið í Ozon
- Efling rafíþróttar
- Samvest
- Koma mér fyrir á nýrri skrifstofu. Hef enn ekki tekið upp úr kössum eða raðað á skrifboðið.

## 2. Verkefni í vinnslu:

- [Starfsáætlun tómstundafulltrúa](#)
- Félagsstarf eldri borgara, skipulag og kynning
- Fjölpjóðlegur kvikmyndaklúbbur
- Hátíðardagskrá 2021, samþykkt en á eftir að kynna.
- Ungmennahósti 3. febrúar og kosningar til ungmennaráðs
- Handverkshósti Ozon (smíðar og viðhald með Gunnari Braga)
- Félagsstarf eldri borgara: Mat á aðstöðu, markmiði, opnun og nýtingu
- Ársskipulag Ozon
- Skipulag hópastarfs og valgreina
- Rafíþróttamót og gistikvöld 5. febrúar
- Lífshlaupið

- Bætt aðstaða í Ozon/Fjósi. Búið er að útvega ýmsan búnað, sumt á eftir að nálgast. Ungmennin hafa komið upp aðstöðu á sviði og baksviðs. Næst er að fegra rýmið og færa skúringarkompuna
- Efling samfélagsmiðla og sýnileiki starfsins
- Reglulegir viðburðir svo sem opnanir í Ozon, kynheilbrigðiskennsla og foreldramorgnar, fundir með Samfés og annað slíkt

### 3. Verkefnum lokið:

- Íþróttaviðurkenning ársins og íþróttahátíð
- Vetrarsól á Ströndum í samvinnu við Arnkötlu
- Formleg færsla félagsstarfs eldri borgara til tómsfundasviðs
- Samningar við starfsfólk
- Skipulag samstarfs starfsfólks í félagsstarfi
- Opnunartímar og hópastarf í Ozon
- Stytting vinnuvikunnar
- Vinnuskipulag Ozon

## Íþróttamiðstöð og Tjaldsvæði

Janúarskýrsla 2. febrúar. 2021 Hrafnhildur Skúladóttir

### 1. Verkefni í undirbúningi:

- Viðgerð á gleri í afgreiðslu sem laga þarf fyrir ferðamannvertíðina. Ekki forsvaranlegt að hafa starfsfólk óvarið þegar fólk hvaðanæva að úr heiminum fer að sýna sig aftur sem þarf að afgreiða og sinna. Sumarstarfsfólk sl. sumar var óöruggt og fannst það ekki óhult fyrir covid. Líklegt er að allt þetta ár taki að komast fyrir þessa veiru og bólusetja. Hef fengið tilboð í gler frá bæði Samverk og Glerborg. Þegar ég gafst upp á að leita að þeim glerjum sem eitt sinn voru hér og tekin voru niður á sínum tíma. Þau virðast glötuð.
- Erum að endurskoða baðvörsluútfærslu sem Grunnskólinn lagði í með okkur í haust í sparnaðarskyni. Hún hefur ekki gefist alveg nógu vel vegna manneklu og lítur út fyrir að einhverju þurfi að breyta aftur.

### 2. Verkefni í vinnslu:

- Viðgerð á CO2 kerfi. Pípuþvingarmeistari sem mun gera við ætlaði að koma í síðustu viku en hefur ekki enn komist. Á meðan er skrúfað fyrir CO2 hylkin svo ekkert leki. Og klórmagn í laug og pottum passað extra vel á meðan en því er stýrt

með afturvirknu stýrikerfi sem CO2 kerfið jafnar svo aftur, svo klórsveiflurnar verði ekki of miklar.

- Skoðun á veggjum í sturtuklefum. Þar eru ljótar rakaskemmdir sem þarf að skoða vel og taka sýni úr. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða kom og mældi 90 % raka í veggjum milli sturtuklefa og gangs. Hef verið í samskiptum bæði við Fagverk og Eflu um áframhaldandi skoðun og sýnatökur.

### 3. Verkefnum lokið:

- Send var út stundaskrá Íþróttamiðstöðvar í öll hús til að íbúar gætu gert sér grein fyrir hvaða íþróttatímar væru í boði á hvaða tíma dagsins. Annað hvort til að taka þátt í þeim eða til að nýta aðstöðuna sem best inn á milli eins og t.d. sundlaugina. Komum hefur fjölgað í kjölfarið.
- Enn er lokað í ræktinni en ég reyndi að útfæra notkun á íþróttasalnum til að reyna að koma til móts við notendur. Einhverjir hafa nýtt sér það.

Annars hefur verið líf og fjör hjá okkur hér innandyra þó eitthvað hafi verið um veikindi starfsfólks. Við leysum það bara eins og allt hitt 😊